

SKÓLANEFND ME

124. FUNDUR

2. júní 2015 kl. 11:00

Mætt á fundarstað: Helgi Ómar Bragason, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Elín Rán Björnsdóttir, Anna Björk Guðjónsdóttir, Jóney Jónsdóttir, Árni Óla. Í samasambandi voru Gauti Jóhannesson, Esther Ösp Gunnarsdóttir og Jón Kristinn Arngrímsson. Skúli Björn Gunnarsson boðaði forföll.

Gauti stýrði fundi í gegnum síma og bauð fundarmenn velkomna.

1. Starfsmannamál.

Skólameistari fór yfir umsóknir um auglýst störf.

Búið er að ráða Viðar Örn Hafsteinsson í stöðu íþróttakennara en alls bárust 3 umsóknir.

Tillögur skólameistara:

- 1) Sótt verði um undanþágur fyrir leiðbeinendurna Soffíu Ingvarsdóttir til stærðfræðikennslu og Jónu Bjarnadóttur til efnafræðikennslu. Ekki bárust umsóknir frá réttindakennurum.
- 2) Vilborg María Alfreðsdóttir verði ráðin í 50% stöðu sálfræðikennara. Hún fær kennsluréttindi í sumar og raðast efst 6 umsækjenda um stöðuna.
- 3) Ekki verði að sinni ráðið í auglýstar stöður í eðlisfræði, jarðfræði og uppeldisfræði þar sem engir umsækjendur uppfylltu ákvæði auglýsinga um kennsluréttindi í viðkomandi grein.
- 4) Sigrún Yrja Klörudóttir verði ráðin í stöðu skólafélagsráðgjafa en hún getur byrjað í 50% starfshlutfalli í ágúst. 3 umsóknir bárust.

Fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við tillögu skólameistara og var honum falið að ganga frá ráðningum í samræmi við ofangreindar tillögur.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn þriðjud. 16. júní n.k.

Fleira ekki, fundi slitið kl 11:40.

Fundargerð ritaði Árni Óla.